



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

Á MORGUN MÁNUDAG KL. 10:30
BLAÐAMANNAFUNDUR Í HÁALEITISSKÓLA VIÐ ÁLFTAMÝRI

FORVARNARDAGURINN 2013

GRUNNSKÓLANEMAR STANDA VEL AÐ VÍGI
EINNIG NOKKUR FRAMFÖR Í FRAMHALDSSKÓLUM

Á morgun, mánudaginn 7. október 2013, verður kynningar- og blaðamannafundur um Forvarnardaginn í Háaleitiskóla við Álftamýri klukkan 10:30. Þessa kynningu sækja nokkrir nemendur og forsvarsmenn skólans og fulltrúar þeirra samtaka sem standa að Forvarnardeginum. Forvarnardagurinn verður haldinn í grunnskólum og framhaldsskólum landsins miðvikudaginn 9. október 2013.

Á kynningarfundinum verða auk þess Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands, forsetafrú Dorrit Moussaieff, Jón Gnarr borgarstjóri, Guðbjörg Edda Eggertsdóttir forstjóri Actavis á Íslandi, Karl Björnsson framkvæmdarstjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Björg Jakobsdóttir frá stjórn UMFÍ, Bragi Björnsson skátahöfðingi og Olga Lísu Garðarsdóttir skólameistari og fulltrúi Félags íslenskra framhaldsskóla.

Forvarnardagurinn er nú haldinn í áttunda sinn í grunnskólum landsins en í þriðja sinn í framhaldsskólum.

Á Forvarnardaginn fara fram, nú sem áður, umræður nemenda í skólunum um hugmyndir þeirra og tillögur varðandi nýjungar og

breytingar á æskulýðs- og íþróttastarfi, fjölskyldulífi og öðrum þeim þáttum sem eftt geta forvarnir. Hugmyndir og tillögur nemenda eru teknar saman og settar í skýrslu sem birt er á vefsíðu dagsins, www.forvarnardagur.is. Þá gefst nemendum kostur á að taka þátt í ratleik á vefsíðum íþróttá- og ungmennasamtaka og eru þar verðlaun í boði. Upplýsingar um daginn eru einnig aðgengilegar á Fésbók (www.facebook.com/forvarnardagur).

Forvarnardagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands. Aðstandendur Forvarnardagsins auk forsetaembættisins eru Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Rannsóknir og greining og Félag íslenskra framhaldsskóla. Forvarnardagurinn er skipulagður með stuðningi lyfjafyrirtækisins Actavis.

Meginmarkmið Forvarnardagsins er að minna á hvaða ráð duga best til að koma í veg fyrir að ungmenni verði fíkniefnum að bráð. Þar ber hæst þátttöku í íþróttá- og æskulýðsstarfi, samverustundir með fjölskyldunni og að fresta því sem lengst að neyta áfengis, því hvert ár sem unglingar draga að byrja að neyta áfengis dregur verulega úr líkum á ofdrykkju og fíkniefnaneyslu síðar meir.

Á Íslandi hefur náðst mjög góður árangur í baráttu gegn notkun áfengis og tóbaks á grunnskólastigi. Það þakka menn ýmsum þáttum. Margvíslegt tómtundastarf hefur mikið gildi í þeim efnum, svo sem starf skáta, ungmennafélaga og íþróttahreyfingarinnar. Jafnframt skiptir afar miklu máli að foreldrar vakni til vitundar um þessi efni og ræði við börn sín og unglinga um valkostina í frístundastarfi og þá staðreynd að líkurnar á að áfengisnotkun verði síðar vandamál minnka stórlega með hverju ári sem unglingar draga það að bragða áfengi.

Rannsóknir hafa meðal annars leitt þetta í ljós:

- Jákvæð þróun með minnkandi notkun áfengis og tóbaks heldur áfram í íslenskum grunnskólum.
- Íslenskir grunnskólanemar standa mjög vel í alþjóðlegum samanburði í þessum efnum.
- Veruleg aukning verður í notkun á áfengi á fyrsta ári í framhaldsskóla og telja margir nemar að foreldrar láti það óátalið að þau noti áfengi eftir að þau eru komin í framhaldsskóla.

- Notkun á áfengi og tóbaki hefur engu að síður farið heldur minnkandi í íslenskum framhaldsskólum á undanförunum árum.

6. október 2013

Nánari upplýsingar veita Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, verkefnisstjóri Forvarnardagsins (863 3631), skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).

- *Staður:* Háaleitisskóli við Álftamýri.
- *Stund:* Mánudaginn 7. október kl. 10:30.